

Í framhaldi af samningi um skipan starfsheita í launaflokka gera aðilar svo-
fellda bókun:

„Samningsaðilar samþykkja að koma á fót tveimur nefndum til þess að fjalla
um tiltekin mál til undirbúnings næsta kjarasamningi.

Önnur nefndin fjalli um ýmis atriði í sambandi við vinnutíma og yfirvinnukaup.

Hin nefndin fjalli um skipun kennara á öllum skólastigum í launaflokka og
skal hún vera starfsmatsmönnum til aðstoðar. Hún getur einnig skilað álitum beint
til samningsaðila, og liggja álit hennar þá fyrir í síðasta lagi fyrir 1. júní 1969.“

Reykjavík, 1. febrúar 1969

Kjararáð Bandalags starfsmanna
ríkis og bæja,

Kristján Thorlacius.
Guðjón B. Baldvinsson.
Baldvin Jóhannesson.
Kristján Halldórsson.
Páll Bergþórsson.

Fjármálaráðuneytið
f. h. ríkissjóðs,
Magnús Jónsson.

Ofangreindur samningur birtist hér með til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga
að máli.

Fjármálaráðuneytið, 5. febrúar 1969.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um eindaga þungaskatts dísilbifreiða.

Samgöngumálaráðuneytið hefur ákveðið, samkvæmt heimild í 4. mgr. b-liðar
87. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, sbr. lög nr. 7 10. apríl 1968, að þungaskatt
af dísilbifreiðum megi greiða í tvennu lagi. Helmingur skattsins greiðist samkvæmt
gildandi reglum 91. gr. vegalaga, sbr. lög nr. 12 14. maí 1964, en síðari helmingur
gjaldsins á eindaga 1. september.

Að öðru leyti gilda reglur 91. gr. vegalaga.

Samgöngumálaráðuneytið, 5. febrúar 1969.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.